

113
2. maí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt á Ísafirði, nr. 61 29. apríl 1939.

Í stað orðanna „skattur þessi fellur í gjalddaga 1. apríl ár hvert“ í 7. grein reglugerðarinnar, skal koma: Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

114
7. maí

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir, og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, umsjón alla og endurbætur. Hreppsnefndinni skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með veitukerfinu og annist önnur þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu endurgjaldi. Reikningsárið er almanaksár og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninganna og lagðir fram ásamt hreppsreikningi ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefndin lætur leggja vatnsæðar svo víða um kaupúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyrr en svo er.